

Norðurland 2018

erlendir ferðamenn

menningararfur og dýraskoðun

samanburður við 2015



Ljósmyndir: Frank Bradford, Jóhann Óli Hilmarsson, Minjasafn Akureyrar, Rögnvaldur Guðmundsson (RG),

Kápu mynd: Frá miðaldahátíðinni á Gásum.

**Samantekt fyrir Markaðsstofu Norðurlands
maí 2019**



Markaðsstofa Norðurlands
nordurland.is

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

1.0	Inngangur	1
1.1	Gagnagrunnur	1
1.2	Úrvinnsla	1
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2018	3
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	3
2.2	Ferðamáti og farartæki	6
3.0	Áhrif á ákvörðun um Íslandsferð	8
3.1	Íslensk saga/menningararfur	8
3.2	Íslensk menning/listir	10
4.0	Upplýsingar fyrir Íslandsferð	12
4.1	Íslenskar bíómyndir/heimildarmyndir	12
4.2	Íslendingasögurnar	14
5.0	Afþreying á Íslandi	16
5.1	Á söfn/sýningar	16
5.2	Á sögustaði	18
5.3	Skoða kirkjur	20
5.4	Hvalaskoðun	22
5.5	Selaskoðun	24
5.6	Fuglaskoðun	26
6.0	Samandregnar niðurstöður	28

1.0 Inngangur

1.1 Gagnagrunnur

Skýrsla þessi byggir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar* (RRF) hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt allan ársins hring frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig oftast verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Frá árinu 1996 og stöðugt allt árið frá 2004 verið spurt hvort ferðamenn hafi komið á eftirtalin svæði á Norðurlandi: Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Jafnframt hefur verið spurt um komur erlendra gesta á marga staði á Norðurlandi. Að jafnaði tóku 3-4 þúsund erlendir gestir þátt í *Dear Visitors* könnuninni hvert þeirra ára sem hér er unnið með.

Í könnuninni *Dear Visitors* hefur auk þess verið spurt um hvort íslensk saga/ menningararfur (*history/heritage*) eða menning/listir (*culture/art*) hafi haft mikil áhrif (*major impact*) á ákvörðun ferðamanna um Íslandsferð. Einnig hvort þeir hafi fengið upplýsingar um Ísland fyrir ferðina í gegnum íslenskar bíómyndir/heimildarmyndir (*films/documentaries*) eða Íslendingasögurnar. Þá hefur lengi verið spurt um afþreyingu og upplifun ferðamanna hér á landi, m.a. hvort þeir hafi farið á söfn eða sýningar í Íslandsferðinn, á sögustaði, skoðað kirkjur, hvali, seli og fugla. Hér er þetta nánar samandregið:

Áhrif á ákvörðun um Íslandferð

- Íslensk saga/menningararfur
- Íslensk menning/listir

Vitneskja um Ísland

- Íslenskar bíómyndir/
heimildarmyndir
- Íslendingasögurnar

Afþreying á Íslandi

- Á söfn/sýningar
- Á sögustaði
- Skoðað kirkjur
- Hvalaskoðun
- Selaskoðun
- Fuglaskoðun

1.2 Úrvinnsla

Hér verður (kaflar 3.0, 4.0 og 5.0) unnið úr niðurstöðum áður nefndra 10 spurninga í *Dear Visitors* könnuninni fyrir árið 2018 með samanburði við árið 2015, nema árin 2016 og 2015 varðandi fyrstu tvær spurningarnar. Þannig verður hlutfall erlendra gesta á Norðurlandi, svæðum þar og stöðum, borið saman við hlutfall allra ferðamanna á Íslandi til að varpa ljósi á hvort þeir t.d. sækja fremur söfn/sýningar í ferðinni en hinn almenni ferðamaður, skoða fremur seli o.s.frv.

Einnig verður greint hvort munur var á næturgestum eftir einstökum svæðum (Húnavatnssýslur, Skagafjörður, Eyjafjörður, Þingeyjarsýslur). Þá verður greint hve stór hluti gesta á Húsavík fóru í hvalaskoðun á Íslandi, hve stór hluti gesta í á Hvammstanga skoðuðu seli og hve stór hluti gesta í Mývatnssveit skoðuðu fugla. Loks verður skoðaður munur á ferðamönnum eftir kyni, aldri, búsetu (markaðssvæðum) ferðamáta og notkun á bílaleigubílum.

Ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir í sex markaðssvæði eftir búsetu. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir "önnur svæði".

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* 2018 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða Norrænu árið 2018, um 2.183 þúsund (nær 2,2 milljónir).¹ Áætlað er að 1.408 þúsund þeirra hafi komið utan sumars (64,5%) en 775 þúsund yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst (35,5%).

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun töflunnar:

Ef 40% svarenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2018 (júní-ágúst) kváðust t.d. hafa stundað ákveðna afþreyingu verður frávik frá gefnu hlutfalli +/- 2,5%, miðað við um 1.500 svarendur er þá tóku þátt í könnuninni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávik +/- 1,5%.


¹. Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifsstöð 2018, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar frá Isavia um ferðamenn um flugvöllina í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum, alls um 2.350 þúsund gestir. Í þessari skýrslu verður hins vegar reiknað út frá 93% þessa fjölda og miðað við 2.183 þúsund erlenda gesti til Íslands árið 2018; 775 þúsund yfir sumarmánuðina þrjú og 1.408 þúsund utan þess tíma. Sjá nánar í neðamálsgrein 3.

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2018

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldinn stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en á árabílinu 2011-2017 varð afar mikil fjölgun (20-40% á ári). Á síðasta ári (2018) hægði mikið á og var aukningin 5,5% miðað við opniberar tölur. Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju 2004-2018 fjölgaði úr 362 þúsund í 2,35 milljónir, eða 6,5 falt.

Mynd 2.1 Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2018
ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk



Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 voru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu 2011-2017 má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Fremur lítil fjölgun árið 2018 skrifast líklega nokkra þætti. Verðlag á Íslandi er á ný komið að þolmörkum ferðamanna, gjaldþrot Air Berlin á árinu 2017, gengislækkun breska pundsins og afleiðingar Brexit á ferðir íbúa þar, blikur á lofti í efnahag Þýskalands o.fl. hefur haft áhrif. Þá settu erfiðleikar í rekstri Wow air mark á umræðuna á síðari hluta ársins.

Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2018 um 64,5% gesta til landsins en sumargestir 35,5%. Þá hefur erlendu vinnuafli nú fjölgað verulega á ný síðust árin, einkum vegna uppgangs í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

Gistinætur erlendra ferðamanna hér á landi voru allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verulega dregið sama og árið 2018 voru erlendar gistinætur á Íslandi umtalsvert færri yfir sumarmánuðina þrjá en hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örari fjölgun vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta verið að stytast og var t.d. um 8,0 nætur að jafnaði sumarið 2018 samkvæmt könnunum RRF en um 5,7 nætur utan sumars (að jafnaði 6,5 nætur á ferðamann árið 2018). Þannig má áætla að árið 2018 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 14,2 milljónir talsins; þar af um 6,2 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (44%) en 8,0 milljónir hina níu mánuði ársins (56%). eru þá öll form gistingar meðtalin; á hótélum, gistiheimilum, farfluglaheimilum, á tjaldsvæðum, hjá vinum, í húsbílum, Airbnb, 'camper' bílum sem nú ryðja sér til rúms, tjaldi á víðavangi o.s.frv.²

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum urðu heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku frá 2016 til 2018 hefur hins vegar skilað þeim á örugglega toppinn meðal gesta utan sumars. Þá hefur gestum utan helstu hefðbundnu markassvæða okkar einnig fjölgað mjög mikið og urðu fleiri en Bretar utan sumars 2017 og juku það forskot verulega árið 2018.


Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri voru ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) lengi vel fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 blönduðu ferðamenn frá N-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða sér í toppbaráttuna. Sumarið 2015 voru gestir frá N-Ameríku áberandi fjölmennastir frá einstökum markaðssvæðum og juku það forskot mikið sumarið 2016 og enn frekar árin 2017 og 2018. Gestir í hópnum „aðrir“ náðu þar öðru sætinu af Mið-Evrópubúum sumarið 2017 og héldu því 2018. Ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) og Mið-Evrópu koma nú voru talsvert færri til Íslands að sumarlagi 2018 en utan þess. Sjá nánar á myndum 2.2 og 2.3.³

Í hópnum „aðrir“ eru t.d. allir ferðamenn frá Asíu, þar með vaxandi fjöldi Kínverja, Japanir, íbúar Suður-Kóreu, Singapore, Hong Kong, Taívan, Indlands og Ísrael. Má gera ráð fyrir að Asíubúar séu tæplega helmingur þeirra sem hér eru í flokknum „aðrir“, þ.e. rúmlega 200 þúsund gestir árið 2018. Auk þess falla í flokkinn „aðrir“ íbúar Ástralíu, fjölmargra landa í austurhluta Evrópu og Eystrasaltsríkja. Einnig öll lönd Afríku, Mið- og Suður-Ameríku, en gestum þaðan fjölgar hægar.


² Í þessari greinargerð gert ráð fyrir að 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016, 10% árið 2017 og 7% árið 2018 hafi verið vegna sjálfteigifarþega (skipta um flugvél eða fara út af vellinum og til baka samdægurs) og erlendra verkamanna sem ekki eru ferðamenn á Íslandi í þeim skilningi. Því er miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir) árið 2016 og 90% af heildinni, eða 2.004 þúsund árið 2017 og 93% af heildinni árið 2018, eða 2.183 þúsund ferðamenn. Við ákvörðun á þessu hlutfalli er byggt á niðurstöðum kannana ISAVIA meðal farþega í Leifsstöð 2017 og 2018.

³ Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars), nema árin 2016, 2017 og 2018 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-desember).

Myndi 2.2 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum sumar 2004-2018




Myndi 2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum utan sumars 2004-2018



Sumarið 2018 voru um 40% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 17% utan áður hefðbundinna markaðssvæða, 15,5% frá Mið-Evrópu, 11% frá Suður-Evrópu, 8% frá Norðurlöndunum, 5,5% frá Bretlandi og 3% frá Benelux löndunum.

Utan sumars 2018 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru 31% gesta frá Norður-Ameríku, 23% utan helstu markaðssvæða, 17% frá Bretlandi, 11% frá Mið-Evrópu, 8% frá Suður-Evrópu, 7% Norðurlandabúar en 3% frá Benelux löndunum.


Myndir 2.4-2.5 Skipting erlendra gesta á Íslandi 2018 - eftir markaðssvæðum



2.2 Ferðamáti og farartæki

Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá RRF sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópferð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópferð. Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar 'self drive' ferðir vaxið umtalsvert, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram og auk þess oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Sumarið 2018 voru 74% svarenda á eigin vegum, 13% í 'self drive' ferð og 13% í skipulagðri hópferð. Er það áþekkt niðurstaða og sumrin 2015-2017.


Mynd 2.6 Ferðamáti erlenda sumargesta á Íslandi 1996-2018



Utan sumars 2018 var þessu skipting nánast því sú sama; 73% ferðamanna voru þá á ferð á eigin vegum, 13% í 'self drive' ferð og 14% í hópferð.

Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum en minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra ferðamanna sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2018 notuðu hins vegar 67% gestanna bílaleigubíl, 22% hópferðabíl og 10% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norræna), á bílum vina/ættingja á Íslandi eða nota hjól.

Mynd 2.7 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2018



Um 66% ferðamanna á jaðarmánuðunum apríl, maí og september 2018 notuðu bílaleigubíl, svipað og helstu sumarmánuðina, um 56% gesta í mars og október en 46% ferðamanna í janúar, febrúar, nóvember og desember. Ef allt árið 2018 er skoðað þá nýttu um 60% bílaleigubíla. Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2018, t.d. um 46% gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en að jafnaði um 27% á jaðarmánuðunum.

3.0 Áhrif á ákvörðun um Íslandsferð

3.1 Íslensk saga/menningararfur




'Síldarsöltun' á Siglufirði.

Mynd: RG

Spurt var hvort íslensk saga/menningararfur (*history/heritage*) hefðu haft mikil áhrif (*major impact*) á ákvörðun svarenda um að heimsækja Ísland. Niðurstaðan fyrir árið 2016 er sú að hlutfallslega færri ferðamenn á Norðurlandi töldu svo vera (18% að sumri og 22% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (22% að sumri og 24% utan sumars). Munurinn er þó ekki mikill.

Mynd 3.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2016 sem saga/menningararfur höfðu áhrif á þegar Ísland var valið



Í töflu 3.1 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur hvað varðar áhrif íslenskrar sögu/menningararfs á ákvörðun um Íslandsheimsókn. Af þessu má ráða að saga/menningararfur á Norðurlandi dregur ekki erlenda ferðamenn sérstaklega inn í landshlutann.

Lítill munur er á kynjunum hvað þetta varðar en hins vegar aukast áhrif sögu/menningararfs á fólk verulega með hækkandi aldri. Þá höfðu þessir þættir að jafnaði mest áhrif á ákvörðun erlendra ferðamanna frá Norður-Ameríku og Bretlandi, síðan á Norðurlandabúa en síst á gesti frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum. Einnig höfðu þeir meiri áhrif á fólk í skipulagðri hópferð en þá sem voru alveg á eigin vegum eða í 'self drive' ferð.

Tafla 3.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2016 og 2015 sem saga/menningararfur höfðu áhrif á þegar Ísland var valið
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2016				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	23	19	26	26	25	24	29	18
Kona	22	17	23	20	25	23	24	23
18-35 ára	20	16	22	20	23	19	24	20
36-55 ára	20	18	26	21	24	24	29	22
> 55 ára	30	23	33	32	31	34	34	25
Norðurlönd	31	29	22	21	25	24	24	28
Mið-Evrópa	15	15	17	15	15	17	17	14
Benelux	4	7	17	28	14	11	10	12
Bretland	29	30	29	27	38	36	24	20
Suður-Evrópa	15	14	12	12	18	17	22	13
Norður-Ameríka	24	17	35	30	33	25	39	35
Aðrir	24	17	15	13	26	32	28	19
Eigin vegum	20	16	23	21	25	21	27	21
Self drive	20	16	28	20	22	24	25	20
Hópferð	37	36	28	37	29	34	26	24
Bílaleigubíll	20	16	23	20	22	21	25	21
Meðaltal	22	18	24	22	25	24	27	21


3.1 Íslensk menning/listir



Listaverk Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur (Öllu Sigu) af hljómsveitinni Hjálmum í Rokksafni Íslands. Mynd: RG

Spurt var hvort íslensk menning/listir (*culture/art*) hefðu haft mikil áhrif (*major impact*) á ákvörðun svarenda um að heimsækja Ísland. Niðurstaðan fyrir árið 2016 er sú að hlutfallslega færri ferðamenn á Norðurlandi töldu svo vera (12% að sumri og 13% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (13% að sumri og 16% utan sumars). Þó má benda á að næturgestir í Skagafirði ná hér meðaltalinu.

Mynd 3.2 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2016 sem menning/listir höfðu áhrif á þegar Ísland var valið



Í töflu 3.2. má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu talsvert ólíklegri til að vera í leit að upplifun á sviði menningar/ lista en 'meðalferðamaðurinn' á Íslandi.

Lítill munur er hér eftir kyni og aldurhópum. Hins vegar höfðu íslensk menning/listir að jafnaði mest áhrif á ákvörðun erlendra ferðamanna frá Norður-Ameríku en síðan á gesti frá Norðurlöndunum en síst erðamenn frá Suður-Evrópu og utan helstu markaðssvæða (þar með talda Asíubúa). Þá höfðu íslensk menning/listir mun meiri áhrif á fólk í ferð á eigin vegum en þá sem voru í skipulagðri hópferð.

Tafla 3.2 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2016 og 2015 sem menning/listir höfðu áhrif á þegar Ísland var valið

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2016				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	12	11	15	13	17	11	20	13
Kona	14	13	16	13	17	11	16	19
18-35 ára	14	11	15	11	19	11	18	16
36-55 ára	13	14	17	15	15	10	18	18
> 55 ára	10	7	17	21	16	13	14	12
Norðurlönd	16	14	14	18	22	24	15	28
Mið-Evrópa	8	8	15	13	10	8	28	21
Benelux	5	5	8	6	10	7	15	6
Bretland	14	20	16	11	17	12	13	10
Suður-Evrópa	7	8	11	4	8	6	16	11
Norður-Ameríka	22	18	24	23	27	12	23	20
Aðrir	5	3	11	6	15	7	18	8
Eigin vegum	14	12	17	12	18	12	19	19
Self drive	10	11	16	12	14	10	16	8
Hópferð	10	9	11	16	13	10	11	7
Bílaleigubíll	12	12	15	11	13	10	19	16
Meðaltal	13	12	16	13	17	11	18	16

4.0 Upplýsingar fyrir Íslandsferð

4.1 Íslenskar bíómyndir/heimildarmyndir




Siglufjörður; einn helsti tökustaður á hinni vinsælu íslensku þáttaröð Ófærð (Trapped).

Mynd: RG

Erlendu ferðamennirnir í *Dear Visitors* könnun RRF hafa m.a. verið spurðir að því hvort þeir hafi fengið upplýsingar/vitneskju um Ísland fyrir ferð með því að horfa á íslenskar bíómyndir/heimildarmyndir (*films/documentaries*). Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega nokkru fleiri ferðamenn á Norðurlandi töldu svo vera (13% að sumri og 11% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (11% að sumri og 9% utan sumars).

Mynd 4.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fengu upplýsingar úr íslenskum bíó-/heimildarmyndum



Í töflu 4.1 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu talsvert líklegri til að hafa vitneskju um Ísland úr íslenskum bíómyndum/heimildarmyndum en 'meðalferðamaðurinn' á Íslandi.

Konur höfðu frekar vitneskju um Ísland úr kvikmyndum en karlar en lítill munur var þar eftir aldurshópum eða ferðamáta fólks. Ferðamenn frá Mið-Evrópu höfðu áberandi helst fengið upplýsingar úr íslenskum kvikmyndum af markaðshópunum (23% þeirra á Norðurlandi að jafnaði 2018 og 2015) en Bretar síst (að jafnaði 6%).

Tafla 4.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 og 2015 sem fengu upplýsingar úr íslenskum bíó-/heimildarmyndum eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	11	11	9	11	8	9	8	12
Kona	11	15	9	11	11	11	8	16
18-35 ára	10	11	9	13	9	10	8	13
36-55 ára	10	14	10	7	10	11	8	19
> 55 ára	14	17	7	6	10	10	8	8
Norðurlönd	8	12	4	6	10	12	8	10
Mið-Evrópa	16	16	15	25	18	22	16	29
Benelux	15	23	6	6	9	9	15	13
Bretland	3	3	6	9	7	5	7	9
Suður-Evrópa	11	11	12	12	8	10	6	19
Norður-Ameríka	11	16	8	8	7	7	9	13
Aðrir	11	9	9	14	9	5	5	16
Eigin vegum	10	12	9	11	10	11	7	13
Self drive	9	13	9	11	9	8	10	22
Hóþferð	17	18	7	13	9	9	9	10
Bílaleigubíll	10	12	10	11	10	9	9	14
Meðaltal	11	13	9	11	10	10	8	14

4.2 Íslendingasögurnar




Saumað í Vatnsdæluþefilinn á Textílsetrinu á Blönduósi.

Mynd: Frank Bradford

Erlendu ferðamennirnir í *Dear Visitors* könnun RRF hafa m.a. verið spurðir að því hvort þeir hafi fengið upplýsingar/vitneskju um Ísland úr Íslendingasögunum. Niðurstaðan er sú að það gerðu einungis 4,1% sumargesta á Íslandi 2018 og sama hlutfall erlendra gesta á Norðurlandi, um 2,8% ferðamanna til Íslands utan sumars það ár og 3,6% gesta á Norðurlandi. Þessi munur á milli allra gesta til Íslands og ferðamanna á Norðurlandi er ekki marktækur.

Mynd 4.2 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fengum upplýsingar úr Íslendingasögunum



Í töflu 4.2 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi lítil á sumargestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur en hins vegar er munurinn meiri utan sumartíma, Norðurlandi í hag.

Lítill munur var eftir kyni en fólk yfir 55 ára studdist meira við Íslendingasögurnar en þeir sem yngri voru, einkum gestir á Norðurlandi utan sumars. Ferðamenn frá Norðurlöndunum og síðan Mið-Evrópu höfðu helst nýtt Íslendingasögurnar af markaðshópnum (5,5-6,5% þeirra á Norðurlandi að jafnaði 2018 og 2015) en síst ferðamenn utan helstu markaðssvæða (um 2%).

Tafla 4.2 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 og 2015 sem fengum upplýsingar úr Íslendingasögunum

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	4,3	3,2	2,7	3,9	4,6	4,7	3,0	5,6
Kona	3,9	5,1	3,0	3,4	3,4	3,7	2,2	4,0
18-35 ára	4,3	3,4	2,5	3,6	3,2	2,8	2,2	5,1
36-55 ára	3,5	2,8	2,7	2,0	3,9	5,0	2,7	2,6
> 55 ára	4,3	6,5	4,4	5,7	6,0	6,2	3,5	6,8
Norðurlönd	5,6	5,9	4,2	4,1	8,5	7,1	3,8	8,6
Mið-Evrópa	4,6	3,8	4,5	4,4	4,2	6,3	5,0	6,5
Benelux	1,9	3,8	1,8	2,3	1,0	1,8	0,5	1,2
Bretland	1,0	1,0	2,1	2,8	3,9	4,0	2,1	4,2
Suður-Evrópa	3,8	2,3	4,2	3,9	2,1	3,0	1,3	4,1
Norður-Ameríka	5,1	2,9	2,6	3,6	4,0	2,0	3,0	4,6
Aðrir	2,6	2,1	2,3	1,0	2,2	4,5	0,8	1,2
Eigin vegum	3,8	3,6	2,7	4,4	4,2	5,2	2,5	4,0
Self drive	4,1	5,5	3,7	2,0	4,5	4,3	3,6	6,1
Hópfærð	5,8	5,8	2,4	4,0	2,7	0,9	1,2	5,7
Bílaleigubíll	4,0	4,0	2,9	3,2	3,8	3,7	3,4	5,4
Meðaltal	4,1	4,1	2,8	3,6	4,0	4,2	2,6	4,8

5.0 Afþreying á Íslandi

5.1 Á söfn/sýningar




Frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum í Hrótafirði.

Mynd: Frank Bradford.

Spurt var hvort erlendir ferðmenn hefðu skoðað söfn eða sýningar í Íslandsferðinni. Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega mun fleiri ferðamenn á Norðurlandi höfðu gert svo (54% að sumri og 43% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (47% að sumri og 38% utan sumars). Er sá munur marktækur. Athygli vekur hátt hlutfall næturgesta í Skagafirði sem fóru á söfn/sýningar í Íslandsferðinni.

Mynd 5.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fóru á söfn/sýningar í ferðinni



Í töflu 5.1 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu talsvert líklegri til að skoða söfn eða sýningar

í Íslandsferðinni en 'meðalferðamaðurinn'. Af þessu má ráða að söfn og sýningar á Norðurlandi draga að nokkru marki ferðamenn sérstaklega inn í landshlutann.

Konur fóru heldur meira en karlar á söfn/sýningar og fólk yfir 55 ára hlutfallslega talsvert meira en þeir sem yngri voru. Af íbúum markaðssvæðanna fóru ferðamenn frá Norður-Ameríku helst á söfn/sýningar í ferðinni og hærra hlutfall þeirra sem heimsótti Norðurland (59% að jafnaði 2018 og 2015). Aðrir komu ekki langt undan og voru í þéttum pakka nema Suður-Evrópubúar sem ráku lestina nokkuð örugglega. Fólk í skipulagðri hópferð fór síðan hlutfallslega mun frekar á söfn/sýningar í ferðinni en þeir sem voru á eigin vegum.

Tafla 5.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi árin 2018 og 2015 sem fóru á söfn/sýningar í ferðinni
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	47	53	36	41	45	52	43	37
Kona	47	55	39	47	47	56	42	42
18-35 ára	39	45	36	44	46	54	40	38
36-55 ára	46	59	34	32	45	50	45	31
> 55 ára	58	67	49	59	47	58	48	47
Norðurlönd	46	55	30	22	48	55	41	40
Mið-Evrópa	47	48	34	38	43	50	44	40
Benelux	41	50	34	40	44	40	44	58
Bretland	43	65	41	45	47	60	43	28
Suður-Evrópa	39	39	27	20	39	38	45	46
Norður-Ameríka	51	62	44	57	46	63	49	53
Aðrir	45	48	34	44	52	57	31	35
Eigin vegum	45	50	35	41	45	52	41	37
Self drive	46	55	40	42	52	59	44	46
Hópferð	58	70	49	75	43	55	45	47
Bílaleigubíll	46	50	35	41	47	52	38	37
Meðaltal	47	54	38	44	46	54	42	39

5.2 Á sögustaði




Sögustaðurinn Hólar í Hjaltadal.

Mynd: RG

Spurt var hvort erlendir ferðamenn hefðu heimsótt sögustaði í Íslandsferðinni. Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega mun fleiri ferðamenn á Norðurlandi höfðu gert svo (77% að sumri og 78% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (70% að sumri og 69% utan sumars). Er sá munur vel marktækur.

Mynd 5.2 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fóru á sögustaði í ferðinni



Í töflu 5.2. má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu mun líklegri til að heimsækja sögustaði en 'meðalferðamaðurinn' á Íslandi. Af þessu má ráða að sögustaðir á Norðurlandi draga að nokkru marki ferðamenn sérstaklega inn í landshlutann.

Lítill munur var eftir kyni, aldurshópunum og ferðamáta gesta hvort þeir fóru á sögustaði í ferðinni. Af íbúum markaðssvæðanna voru ferðamenn frá Mið-Evrópu og Benelux löndunum líklegastir til að fara á sögustaði í ferðinni en Bretar ólíklegasti. Hvergi er munurinn þó mikill á íbúum einstakra markaðssvæða.

Tafla 5.2 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi árin 2018 og 2015 sem fóru á sögustaði í ferðinni
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	68	77	68	77	71	75	64	78
Kona	72	78	70	80	75	85	68	77
18-35 ára	72	79	70	79	71	79	67	77
36-55 ára	69	78	64	75	75	82	67	80
> 55 ára	68	72	71	83	72	79	61	77
Norðurlönd	68	72	69	74	71	79	60	74
Mið-Evrópa	82	57	74	77	80	87	71	80
Benelux	68	73	77	90	73	74	74	90
Bretland	64	56	67	74	69	72	65	79
Suður-Evrópa	77	80	69	78	74	74	65	69
Norður-Ameríka	63	76	68	83	68	82	71	76
Aðrir	72	74	68	78	75	83	62	79
Eigin vegum	70	77	69	79	72	78	66	78
Self drive	72	78	74	70	76	84	67	80
Hóþferð	72	76	64	84	74	81	69	76
Bílaleigubíll	75	79	75	79	78	81	74	79
Meðaltal	70	77	69	78	73	80	66	78

5.3 Skoða kirkjur




Grundarkirkja á Höfðaströnd í Skagafirði.

Mynd: RG

Spurt var hvort erlendir ferðamenn hefðu skoðað kirkjur í Íslandsferðinni. Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega heldur fleiri ferðamenn á Norðurlandi höfðu gert svo (78% að sumri og 70% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (72% að sumri og 69% utan sumars). Er sá munur marktækur að sumarlagi 2018 ekki utan sumars.

Mynd 5.3 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem skoðuðu kirkjur í ferðinni



Í töflu 5.3 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu heldur líklegri til að skoða kirkjur í Íslandsferðinni en 'meðalferðamaðurinn'. Er munurinn þar mun meiri árið 2015 en 2018. Af þessu má ráða að kirkjur á Norðurlandi draga að nokkru marki ferðamenn sérstaklega inn í landshlutann.

Konur stunduðu kirkjuskoðun ívið meira en karlar en lítill munur var á aldurhópnum. Af íbúum markaðssvæðanna skoðuðu ferðamenn frá Mið-Evrópu helst kirkjur, því næst Benelux búar en

Bretar síst. Fólk sem var á ferð á eigin vegum skoðaði kirkjur hlutfallslega nokkru síður en þeir sem voru í 'self drive' ferð eða skipulagðri hópferð.

Tafla 5.3 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi árin 2018 og 2015 sem skoðuðu kirkjur í ferðinni
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	72	79	67	65	66	70	66	80
Kona	72	78	70	76	72	75	68	78
18-35 ára	73	78	71	73	69	73	70	80
36-55 ára	70	76	65	67	68	69	62	80
> 55 ára	73	80	67	66	70	75	66	78
Norðurlönd	63	62	68	55	75	81	60	74
Mið-Evrópa	83	86	77	83	79	82	68	82
Benelux	68	81	78	67	80	87	74	81
Bretland	58	65	59	55	53	64	65	80
Suður-Evrópa	76	79	71	71	70	72	66	79
Norður-Ameríka	69	78	65	78	67	67	72	79
Aðrir	75	82	76	77	62	66	68	70
Eigin vegum	70	77	66	67	67	69	65	78
Self drive	71	78	71	77	75	76	71	82
Hópferð	78	83	78	81	72	78	72	78
Bílaleigubíll	74	77	68	69	74	75	67	80
Meðaltal	72	78	69	70	69	73	67	79

5.4 Hvalaskoðun




Hvalaskoðun frá Húsavík.

Mynd: RG

Spurt var hvort erlendir ferðamenn hefðu skoðað hvali í Íslandsferðinni. Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega mikið fleiri ferðamenn á Norðurlandi höfðu gert svo (45% að sumri og 25% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (30% að sumri og 12% utan sumars). Samkvæmt því voru sumarferðamenn á Norðurlandi helmingi líklegri og vetrarferðamenn þar tvöfalt líklegri til að stunda hvalaskoðun á Íslandi en hinn almenni ferðamaður. Niðurstöðurnar voru einnig greindar sérstaklega fyrir hvalaskoðunar bæinn Húsavík. Samkvæmt þeim fóru 59% erlendra sumargesta á Húsavík 2018 í hvalaskoðun í Íslandsferðinni og 47% erlendra gesta þar utan sumartíma.

Mynd 5.4 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fóru í hvalaskoðun í ferðinni



Í töflu 5.4 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu mikið líklegri til að skoða hvali í Íslandsferðinni en þegar skoðaðir eru allir ferðamenn til Íslands. Þannig voru erlendir ferðamenn á

Norðurlandi 2018 og 2015 að jafnaði um 65% líklegri til að skoða hvali í ferðinni en 'meðalferðamaðurinn' þessi ár. Af þessu má ráða að skipulögð hvalaskoðun á Norðurlandi dragi erlenda ferðamenn í verulegu mæli sérstaklega inn í landshlutann.

Konur voru líklegri en karlar til að skoða hvali og fólk yfir 35 ára líklegra en yngsti aldurshópurinn, 18-35 ára. Mikill munur var síðan á hvalaskoðun eftir búsetu. Ferðamenn frá Suður-Evrópu, Benelux löndunum og síðan Mið-Evrópu stunduðu helst hvalaskoðun, síðan gestir utan helstu markaðssvæða, þá Bretar og Norðurlandabúar en síst ferðamenn frá Norður-Ameríku. Fólk í skipulagðri hópferð fór síðan mun frekar í hvalaskoðun en fólk á eigin vegum eða 'self drive' ferð.

Þá höfðu 63% erlendra ferðamanna á Húsavík sumarið 2015 skoðað hvali í ferðinni og 64% ferðamanna þar utan sumartíma, umtalsvert hærra hlutfall en árið 2018, einkum utan sumars.

Hvalaskoðun er einnig talsvert stunduð frá Akureyri og Dalvík. Því má geta þess að um 45% sumargesta á Akureyri árin 2018 og 2015 fóru að jafnaði í hvalaskoðun í Íslandsferðinn og um 51% sumargesta á Dalvík, samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF.

Tafla 5.4 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi árin 2018 og 2015 sem fóru í hvalaskoðun í ferðinni
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	28	40	11	22	31	42	12	29
Kona	32	50	13	28	31	44	14	36
18-35 ára	26	38	12	25	30	42	13	29
36-55 ára	32	55	13	28	36	51	14	41
> 55 ára	34	47	12	23	27	33	11	37
Norðurlönd	19	36	11	18	32	36	9	28
Mið-Evrópa	43	55	21	44	39	47	15	36
Benelux	41	65	26	56	37	53	23	42
Bretland	29	65	12	28	26	36	17	33
Suður-Evrópa	57	68	20	42	49	65	12	25
Norður-Ameríka	16	32	7	16	13	27	6	22
Aðrir	34	45	10	20	34	47	18	33
Eigin vegum	25	39	12	26	28	44	13	30
Self drive	34	52	11	18	33	35	15	40
Hópferð	55	65	15	34	47	52	13	37
Bílaleigubíll	31	43	13	25	38	47	16	33
Meðaltal	30	45	12	25	31	43	13	32

5.5 Selaskoðun




Landselur sólar sig.

Mynd: Jóhann Óli Hilmarsson.

Spurt var hvort erlendir ferðamenn hefðu skoðað seli í Íslandsferðinni. Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega mikið fleiri ferðamenn á Norðurlandi höfðu gert svo (24% að sumri og 25% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (16% að sumri og 10% utan sumars). Samkvæmt því voru sumarferðamenn á Norðurlandi 33% líklegri og vetrarferðamenn þar 2,5 falt líklegri (150%) til að stunda selaskoðun á Íslandi en hinn almenni ferðamaður. Niðurstöðurnar voru einnig greindar sérstaklega fyrir selaskoðunarbæinn Hvammstanga. Samkvæmt þeim stunduðu 32% erlendra sumargesta á Hvammstanga 2018 eitthvað selaskoðun í Íslandsferðinni og 38% erlendra gesta þar utan sumartíma. Mikill meirihluti væntanlega á eigin vegum úr landi. Er það um tvöfalt meðaltal erlendra selaskoðunar það sumar og nær fjórfalt meðaltal utan sumars.

Mynd 5.5 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fóru í selaskoðun í ferðinni



Í töflu 5.5 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu mikið líklegri til að skoða seli í Íslandsferðinni en ef allir ferðamenn eru í pottinum. Þannig voru erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2018 og 2015 að jafnaði nær tvöfalt líklegri til að skoða hvali í ferðinni en 'meðalferðamaðurinn' á Íslandi.

Konur voru heldur líklegri en karlar til að skoða seli og fólk undir 55 ára líklegra en þeir sem eldri voru. Mikill munur var síðan á selaskoðun eftir búsetu. Ferðamenn frá Suður-Evrópu voru þar ótvíræðir sigurvegarar, ef svo má að orði komast. Þannig skoðuðu að jafnaði 37% þeirra Suður-Evrópubúa sem fóru á Norðurland seli í ferðinni. Næstir komu gestir frá Mið-Evrópu og Benelux löndunum (27-28%) en ferðamenn frá Norðurlöndum og Norður-Ameríku ráku lestina (15-16%). Fólk í ferð á eigin vegum eða í 'self drive' ferð höfðu frekar skoðað seli en þeir sem voru í skipulagðri hópferð. Ferðamenn sem nýttu sér bílaleigubíl skoðuðu seli vel umfram meðaltalið.

Þá höfðu 38% erlendra ferðamanna á Hvammstanga sumarið 2015 skoðað seli í ferðinni og 28% ferðamanna þar utan sumartíma.

Tafla 5.5 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og á Norðurlandi árin 2018 og 2015 sem fóru í selaskoðun í ferðinni
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	16	24	11	23	16	26	7	17
Kona	16	25	9	27	18	27	7	23
18-35 ára	19	26	11	25	19	31	7	24
36-55 ára	17	30	9	29	17	27	6	14
> 55 ára	12	15	8	20	12	14	7	13
Norðurlönd	7	15	6	15	9	10	5	19
Mið-Evrópa	20	26	15	23	17	32	13	28
Benelux	20	38	11	26	18	25	11	23
Bretland	6	12	8	47	7	20	4	20
Suður-Evrópa	38	44	18	37	34	46	12	22
Norður-Ameríka	9	18	6	18	8	20	3	8
Aðrir	22	27	10	15	18	27	11	28
Eigin vegum	16	26	10	26	17	30	6	19
Self drive	19	21	11	24	23	25	12	30
Hópferð	15	19	9	16	14	17	6	11
Bílaleigubíll	20	26	12	27	25	33	13	23
Meðaltal	16	24	10	25	17	26	7	20

5.6 Fuglaskoðun




Húsönd á Mývatni

Mynd: Jóhann Óli Hilmarsson.

Spurt var hvort erlendir ferðamenn hefðu skoðað fugla í Íslandsferðinni. Niðurstaðan fyrir árið 2018 er sú að hlutfallslega mikið fleiri ferðamenn á Norðurlandi höfðu gert svo (42% að sumri og 21% utan sumars) en meðal allra ferðamanna á Íslandi (30% að sumri og 10% utan sumars). Samkvæmt því voru sumarferðamenn á Norðurlandi 40% líklegri og vetrarferðamenn þar 2,1 falt líklegri (110%) til að stunda fuglaskoðun á Íslandi en hinn almenni ferðamaður.

Niðurstöðurnar voru einnig greindar sérstaklega fyrir Mývatn sem þótti líklegt að væri vel yfir meðaltalinu. Svo reyndist þó ekki vera, nema þá að að nokkru utan sumars. Samkvæmt niðurstöðunum stunduðu 41% erlendra sumargesta í Mývatnssveit 2018 eitthvað fuglaskoðun í Íslandsferðinni og 28% erlendra gesta þar utan sumartíma. Er það undir meðaltalinu fyrir Norðurland allt að sumarlagi en nokkuð yfir meðallagi landshlutans utan sumars.

Mynd 5.6 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 sem fóru í fuglaskoðun í ferðinni



Í töflu 5.6 má sjá samanburðinn við árið 2015 og einnig eftir kyni, aldurshópum, búsetu svarenda (markaðssvæðum), ferðamáta og notkun á bílaleigubílum. Þar er þessi munur á gestum á Norðurlandi og heildinni staðfestur, þ.e. að þeir séu mikið líklegri til að skoða fugla í Íslandsferðinni en ef allir ferðamenn eru skoðaðir. Þannig voru erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2018 og 2015 að jafnaði um 55% líklegri til að skoða fugla í ferðinni en 'meðalferðamaðurinn' á Ísland, þar af um 35% líklegri að sumarlagi en um tvöfalt líklegri utan sumarmánuðanna þriggja.

Karlar voru heldur líklegri en konur til að skoða fugla og þá jókst hlutfall fuglaskoðara nokkuð með hækkandi aldri. Umtalsverður munur var síðan á fuglaskoðun eftir búsetu. Hvað Norðurland varðar voru gestir frá Benelux löndunum og Mið-Evrópu iðnastir við fuglaskoðun í ferðinni en síst Norðurlandabúar. Fólk í 'self drive' ferð var heldur duglegra við fuglaskoðun en þeir sem voru alveg á eigin vegum eða í skipulagðri hópferð. Ferðamenn sem nýttu sér bílaleigubíl skoðuðu fugla nokkuð yfir meðallagi.

Þá höfðu 46% erlendra ferðamanna í Mývatnssveit sumarið 2015 skoðað fugla í ferðinni og 22% ferðamanna þar utan sumartíma. Er það svipað og að meðaltali á Norðurlandi sumarið 2015 (45%) en nokkuð yfir meðallagi landshlutans utan sumars (19%). Staðir sem bjóða upp á sjávarbjörg og sjófugla slá Mývatni hér rækilega við (s.s. Látrabarg). Þá skorar Mývatnssveit hátt þegar spurt er um hvort fólk hafi komið til að upplifa náttúruna eða stundað göngugferðir. Einnig er mögulegt að fuglaskoðun í Mývatnssveit sé vannýtt auðlind. En það er önnur saga.


Tafla 5.6 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi árin 2018 og 2015 sem fóru í fuglaskoðun í ferðinni
eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og notkun á bílaleigubílum

%	2018				2015			
	Sumar		Utan sumars		Sumar		Utan sumars	
	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land	Ísland	N.land
Karl	30	43	11	20	33	45	9	22
Kona	30	40	10	22	29	45	7	16
18-35 ára	26	33	10	20	28	46	9	20
36-55 ára	29	46	10	23	35	48	6	12
> 55 ára	37	52	10	23	33	39	10	24
Norðurlönd	19	33	7	18	28	33	5	10
Mið-Evrópa	41	49	14	24	41	46	12	31
Benelux	44	65	16	32	33	42	19	21
Bretland	24	53	8	22	26	36	4	17
Suður-Evrópa	38	42	13	24	33	39	13	30
Norður-Ameríka	23	36	9	21	20	51	7	15
Aðrir	35	43	10	18	35	52	12	21
Eigin vegum	29	42	10	21	30	47	7	15
Self drive	27	36	15	28	40	46	15	33
Hópferð	38	47	5	12	28	39	8	21
Bílaleigubíll	33	40	13	23	39	48	13	21
Meðaltal	30	42	10	21	31	45	8	19

6.0 Samandregnar niðurstöður

Mynd 6.1 sýnir samandregnar niðurstöður úr köflum 3.0, 4.0 og 5.0 hér að framan fyrir allt árið 2018. Þar má sjá samanburð á milli allra erlendra ferðamanna á Íslandi (með flugi og ferju) annars vegar og þeirra ferðamanna sem heimsóttu Norðurland hins vegar, eftir öllum þeim tíu þáttum sem hér voru teknir til greiningar úr gagnagrunni *Dear Visitors* könnunar RRF.

Mynd 6.1 Hlutfall erlendra ferðamanna á Íslandi og Norðurlandi 2018 eftir öllum þáttum sem fjallað er um í skýrslunni



Mynd 6.2 sýnir síðan hvernig erlendi ferðamenn á Norðurlandi allt árið 2018 voru frábrugðnir 'meðaltalsferðamanninum' eftir öllum tíu þáttunum. Þannig eru þeir lægst 13% undir meðaltalinu hvað varðar mikil áhrif íslenskrar menningar/lista á ákvörðun um Íslandsferð en hins vegar hæst 108% yfir meðaltalinu varðandi selaskoðun. Aðrir þættir voru þarna á milli.

Mynd 6.2 Hlutfallsleg frávik erlendra ferðamanna Norðurlandi 2018 frá 'meðalferðamanninum', eftir öllum þáttum sem fjallað er um

